

Innra mat leikskólans

Hjalla

Skólaárið 2017-2018

HJALLASTEFNAN EHF

Innra mat leikskólans Hjalla

1. EINKENNI LEIKSKÓLANS STJÓRNUN OG REKSTUR.....	3
2. STEFNA OG MARKMIÐ.....	3
3. INNRA MAT LEIKSKÓLANS	3
3.1. UPPELDI OG MENNTUN	4
-SKRÁNINGARBLAÐ F. HÓPATÍMA.....	4
-TALNINGABLAÐ FYRIR HÓPATÍMA.....	4
-SKRÁNINGARBLAÐ FYRIR VAL.....	5
-TALNING Á VALI.....	5
-SÉRKENNSLA/STUÐNINGUR.....	5
3.2. LÍÐAN OG ÞROSKI BARNA OG FORELDRASAMSTARF.....	5
-GÁTLISTAR FYRIR FORELDRAVIÐTÖL.....	5
-FORELDRAKÖNNUN HJALLASTEFNUSKÓLA.....	5
-MYNDASAFN LEIKSKÓLANS Á HJALLAVEFNUM.....	6
-ÚTSKRIFTARBÓK (FERILMAPPA/PORTFOLIO).....	6
-ÓFORMLEGT MAT Á ÝMSUM ÞÁTTUM.....	6
-ÁBENDING Á HJALLAVEF.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
3.3. STARFSFÓLK OG STJÓRNUN	6
- STARFSMANNAKÖNNUN.....	7
- ÁRSSKÝRSLA.....	7
-YFIRFERÐ KANNANNA Á FUNDI STJÓRNENDATEYMIS HJALLASTEFNUNNAR.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
-YFIRFERÐ TALNINGARBLAÐS FYRIR HÓPATÍMA Á KJARNAFUNDUM.....	7
-MYNDASAFN LEIKSKÓLANS Á HJALLAVEFNUM – RÝNI.....	7
-FORFÖLL, FJARVERA OG ÖNNUR REKSTRARLEG SKRÁNING.....	7
3.4. ÞRÓUNARVERKEFNI	8
GRÆNFÁNINN.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
3.5. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLANS.....	8
3.6. AÐBÚNAÐUR OG EFTIRLIT OPINBERRA AÐILA	8
3.7. YTRI TENGSL.....	8
FYLGIGÖGN:.....	9
HEIMILDIR OG ÍTAREFNI.....	11

1. Einkenni leikskólans, stjórnun og rekstur

Leikskólinn Hjalli er níu kjarna leikskóli og rúmar um 165 nemendur á aldrinum fimmtán mánaða til sex ára. Leikskólinn er staðsettur við Hjallabraut 55. Leikskólinn er rekinn af Hjallastefnunni ehf. á grundvelli þjónustusamnings við Hafnarfjarðarbæ og hefur svo verið frá árinu 2000. Stjórnandi og aðalábyrgðaraðili skólans er Íris Helga Baldursdóttir leikskólastjóri. Faglegur ráðgjafi og endanlegur ábyrgðaraðili er Hjallastefnan ehf. undir stjórn Þórdísar Jónu Sigurðardóttur framkvæmdastjóra og Margrétar Pálu Ólafsdóttur stofnanda Hjallastefnunnar.

2. Stefna og markmið

Leikskólinn Hjalli starfar eftir lögum um leikskóla og fylgir gildandi reglugerðum þar að lútandi. Hjallastefnan, og þar af leiðandi leikskólinn Hjalli, starfar eftir tvennum námskrármarkmiðum og leggur þau að jöfnu. Í fyrsta lagi starfa leikskólar Hjallastefnunnar eftir Aðalnámskrá leikskóla og uppfylla öll markmið hennar. Í öðru lagi starfa skólar Hjallastefnunnar eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem einstaklingsstyrking og félagsuppeldi stúlkna og drengja fara saman með markvissri þjálfun í samskiptum og jákvæðum viðhorfum kynjanna á milli. Starfslýsingar Hjallastefnunnar eru með þeim hætti að öll helstu markmið Aðalnámskrár eru fléttuð inn í leikskólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna með einstaka þætti ýmist í frjálsum leik barnanna í gegnum val eða með markvissari hætti í hópatímum.

Hjallastefnan hefur vakið alþjóðaathygli fyrir þróunar- og nýbreytnistarfi í jafnréttismálum og hefur verið leiðandi í umræðu um kynjaskipt skólastarf hér á landi. Hjallastefnan er heildstæð hugmyndafræði með útfærðum starfslýsingum sem taka til allra þátta leikskólastarfsins. Hugmyndafræði Hjallastefnunnar er lýst í eftirfarandi ritum:

Æfingin skapar meistarann - Leikskóli fyrir stelpur og stráka, Námskrá Hjallastefnunnar, Gengi Hjallabarna í grunnskóla, öllum eftir Margréti Pálu Ólafsdóttur höfund Hjallastefnunnar.

3. Innra mat leikskólans

Samkvæmt 18. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 ber öllum leikskólum að meta kerfisbundið árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, foreldra og barna eftir því sem við á. Upplýsingar um innra mat sitt ber leikskólanum að birta opinberlega.

Markmið innra mats er samkvæmt lögnum að veita upplýsingar um skólastarfið til viðeigandi hagsmunaaðila, tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um skólastarf, auka gæði starfsins og stuðla að umbótum og tryggja rétt barna til þeirrar þjónustu sem þau eiga rétt á.

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd innra mats og fylgir eftir úrbótum sem byggðar eru á niðurstöðum þess.

Samkvæmt skilgreiningu Steinunnar Helgu Lárusdóttur (*Mat á skólastarfi, handbók fyrir skóla, 2002*) er mat „ferli sem felur í sér kerfisbundna söfnun upplýsinga sem notaðar eru til að meta gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.“

Munurinn á innra mati (sjálfmati) og ytra mati skv. leiðbeiningum Bjarkar Ólafsdóttur til Sambands Íslenskra Sveitarfélaga (*Innra mat leikskóla, 2011*), hefur með stöðu matsaðila að gera, þ.e. séu matsaðilar starfsmenn leikskólans er um innra mat að ræða en komi matsaðili utanfrá er um ytra mat að ræða. Þarna hefur Hjallastefnan sérstöðu og þverar í raun þessa skilgreiningu þar sem eftirlit frá Hjallastefnunni ehf. með starfi leikskóla sinna má í raun flokka sem bæði innra og ytra mat.

Leikskólinn Hjalli stendur að reglubundnu mati, líkt og aðrir skólar Hjallastefnunnar, en stendur einnig fyrir mati á þeim þáttum sem tilheyra einungis Hjalla og marka skólanum sérstöðu.

Sjálfsmat leikskólans Hjalla fer fram með formlegum, kerfisbundnum og reglulegum hætti, markvisst er unnið úr niðurstöðum og þær skjalfestar og nýttar til úrbóta auk þess sem leikskólinn birtir þær niðurstöður sem við á.

Í bók sinni *Mat á skólastarfi*, bendir Sigurlína Davíðsdóttir (2008) á að sjálfsmat skólastofnana geti bæði verið formlegum og óformlegum hætti og óformlega matið sé það sem algengast er að stofnanir og einstaklingar noti til þess að bæta eða breyta störfum sínum frá degi til dags. Í leikskólanum Hjalla) fer fram mikið óformlegt sjálfsmat sem kemur til viðbótar því formlega og kerfisbundna mati sem áður er nefnt.

3.1. Uppeldi og menntun

Samkvæmt námskrá Hjallastefnunnar er dagskipulag leikskólans í föstum skorðum og skiptist leikskólatími barnanna jafnt milli kennslu og frjáls leiks barnanna. Því er óþarfi fyrir leikskólann Hjalla að standa fyrir úttektum á skiptingu skólatímans í leik, kennslu og daglegar venjur þar sem sú skipting liggur fyrir samkvæmt námskrá sem ætíð er fylgt nákvæmlega eftir. Einnig eru gæði leikefnis fyrirliggjandi samkvæmt námskrá Hjallastefnunnar þar sem nákvæmlega er tiltekið hvaða leikefni skuli vera í boði og hvernig það skuli vera frágengið. Lýsingu á leikefni Hjallastefnunnar má sjá í *Starfslýsingum Hjallastefnunnar*.

Matstæki:

-Skráningarblað f. hópatíma.

Með skráningarblaði fyrir hópatíma er skráð daglega eða vikulega hvað fer fram í hverjum hópatíma og er skráningarblaðið til sýnis fyrir foreldra í fataklefa. Það er á ábyrgð hvers hópstjóra að skrá á skráningarblaðið. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn).

-Talningablað fyrir hópatíma.

Með talningablaði fyrir hópatíma er hægt að sjá hversu stór hluti hópatímanna (kennslunnar) hefur farið í einstaka námsþætti og verkefni. Þannig er auðvelt að fylgjast

með áherslum í uppeldisstarfinu. Talið er reglulega út úr hópatímaskráningunni ýmist í hverjum mánuði eða annan hvern mánuð og er það ýmist gert á kjarnafundum, starfsmannafundum eða á öðrum tímum. Það er á ábyrgð kjarnastjóra sjá til þess að þessi talning fari fram. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn).

-Skráningarblað fyrir val.

Í hverjum val tíma er val barnanna skráð niður á sérstakt blað sem einnig þjónar þeim tilgangi að vera mætingaskráning. Það er á ábyrgð þess kennara sem stýrir valfundi í það sinnið að sjá til þess að valskráningin fari fram. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn).

-Talning á vali.

Mánaðarlega er val barnanna talið út og tölfræði þess birt foreldrum í fataklefa eða á fjölskyldusíðu Hjallavefsins. Kjarnastjórar bera ábyrgð á að valtalning og úrvinnsla fari fram. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn).

-Sérkennsla/stuðningur.

Eftirlit og framkvæmd sérkennslu í leikskólanum Hjalla er á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar en Hjallastefnan er með samning við Sálstofuna og getur leitað þangað ef þurfa þykir. Leikskólinn vinnur eftir öllum venjulegum verkferlum varðandi sérkennslubörn með gerð einstaklingsnámskráa osfv. og fer þar eftir vinnulagi sveitarfélagsins svo og Hjallastefnunnar. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn af einstaklingsnámskrá).

3.2. Líðan og þroski barna og foreldrasamstarf

Fyrsta meginregla Hjallastefnunnar fjallar um að mæta hverju barni eins og það er. Þessi einfalda regla er höfð í heiðri hvað varðar samskipti og þjónustu við börn og foreldra. Það er markviss stefna leikskólans að breyta starfi sínu ef þarf eins einasta barn krefjast þess.

Matstæki:

-Gátlistar fyrir foreldraviðtöl.

Á hvorri önn skólaársins fyllir hver kennari út gátlista yfir þroska og almenna færni umsjónarbarna sinna. Með þessu móti er fylgst reglulega með þroska og framförum hvers barns og gefst þá tækifæri til þess að vinna með veikleika ef þeir eru fyrir hendi. Gátlistinn er afhentur foreldrum í formlegu foreldraviðtali sem fram fer einu sinni á önn. Það er ábyrgð kjarnastjóra að hafa umsjón með útfyllingu gátlista og eftirfylgd þeirra. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn).

-Foreldrakönnun Hjallastefnuskóla.

Á hvorri önn fer fram formleg tölfræðileg könnun á ánægju foreldra með fjölmarga þætti skólastarfsins svo og mat þeirra á líðan og ánægju barna sinna og samskipti við starfsfólk. Könnunin hefur á undanförunum árum verið rafræn og farið fram á fjölskyldusíðu en

niðurstöður eru órekjanlegar til einstakra foreldra. Það er á ábyrgð Hjallastefnunnar ehf. að þessi könnun fari fram. Niðurstöður foreldrakönnunar eru síðan birtar foreldrum í tölvupósti auk þess sem ítarlega er farið yfir niðurstöður á starfsmannafundi þar sem styrkleikar eru metnir og úrbætur fundnar á því sem þörf er á. Nánar má lesa um tilhögun foreldrasamstarfs í ársskýrslum skólans. (Sjá meðfylgjandi niðurstöður síðustu könnunar).

-Myndasafn leikskólans á Karelle.

Kennarar setja myndir af börnum mánaðarlega inn á vefsvæði Karelle. Forráðamenn eru með notendanafn og lykilorð til að skoða myndir auk annarra möguleika á vefsvæðinu. Myndirnar sýna starf úr hópatímum og frjálsum leik barnanna. Þarna er dýrmæt innsýn í viðfangsefni barna sinna yfir daginn svo og tækifæri til þess að meta líðan þeirra og samskipti í leikskólanum.

-Útskriftarbók (ferilmappa/portfolio).

Leikskólabókin mín kallast ferilmappa leikskólabarnanna í Hjalla en í hana eru bæði færð verkefni sem barnið vinnur í tiltekinni lotu í Hjallastefnunámskránni á hverju skólaári og eru því dýrmætt tæki í mati á þroska barnanna, en einnig eru sett í ferilmöppuna önnur verkefni svo og sérstök myndlistarverkefni og myndir og lýsingar á öðru sem kennurum þykir hafa varðveislugildi. Umsjón ferilmöppu er á ábyrgð hópstjóra barnsins.

-Óformlegt mat á ýmsum þáttum.

Óformlegt símat á frammistöðu sinni í foreldrasamskiptum og uppeldisstarfi hefur löngum verið eitt helsta stolt Hjallastefnuleikskóla. Í leikskólum Hjallastefnunnar hefur ætíð verið lögð mikil áhersla á að kennari sé til staðar í fataklefa þegar börn koma og fara og hefur sá starfsmaður það hlutverk að flytja skilaboð um ýmsa þætti sem lúta að velferð barnsins milli skóla og foreldra svo og að „taka púlsinn“ á viðhorfi foreldra til skólans og líðan barnanna. Reglulega fer tölvupóstur til allra foreldra leikskólabarnanna frá kjarnanum þar sem taldir eru upp helstu viðburðir vikunnar. Foreldrar eru hvattir til þess að svara þessum tölvupósti og koma með ábendingar eða vangaveltur beint til kennara kjarnans. Þessi reglulega beinu samskipti eru sá vettvangur sem nýtist leikskólanum best til þess að laga starf sitt að þörfum barna og foreldra og bregðast hratt við umkvörtunum eða tilmælum.

3.3. Starfsfólk og stjórnun

Önnur meginregla Hjallastefnunnar leggur út frá því „að jákvæðni, gleði og kærleiki ráði alltaf ferðinni milli starfsfólks og gagnvart börnum og foreldrum.“ Þessi meginregla er í raun starfsmannastefna leikskólans svo og jafnréttisáætlun hans.

Í leikskólanum Hjalla starfa í september 2017, 37 starfsmenn í 34 stöðugildum utan ræstingar. Fagmenntaðir starfsmenn fylltu samtals 20 stöðugildi en ófagmenntaðir 14 stöðugildi. Konur í starfi voru 32 en karlar 2.

Matstæki:

- Starfsmannakönnun.

Á hverri önn er lögð könnun fyrir alla starfsmenn Hjallastefnuskóla þar sem spurt er um afstöðu þeirra, líðan og mat á einstökum þáttum starfs síns og starfssemi leikskólans s.s. endurmenntun starfsfólks, samskipti á vinnustaðnum, starfsanda í leikskólanum, líðan starfsfólks, samstarf, verkaskiptingu, stjórnun leikskólans svo og mat á eigin starfi. Könnunin hefur verið rafræn undanfarin ár og eru svörin órekjanlega til einstakra starfsmanna. Hjallastefnan ehf. er ábyrg fyrir því að þessi könnun fari fram. Niðurstöður starfsmannakönnunarinnar eru birtar starfsfólki á starfsmannasíðu auk þess sem ítarlega er farið yfir niðurstöður á starfsmannafundi þar sem styrkleikar eru metnir og úrbætur fundnar á því sem þörf er á. (Sjá meðfylgjandi niðurstöður síðustu könnunnar).

- Ársskýrsla.

Árlega er gerð ársskýrsla fyrir undanliðið skólaár og er gerð hennar á ábyrgð leikskólastjóra. Í ársskýrslu koma fram allir helstu þættir leikskólastarfsins eins og þeir voru framkvæmdir það starfsár sem skýrslan fjallar um auk útlekkingar á því hvernig leikskólinn uppfyllir markmið Aðalnámskrár leikskóla. Ársskýrslan er opinbert gagn og er afhent rekstraraðila (Hjallastefnunni ehf) svo og Hafnarfjarðarbæ.

-Yfirferð talningarblaðs fyrir hópatíma á kjarnafundum.

Sex sinnum á ári eru kjarnafundir þar sem starfsfólk hvers kjarna fær tækifæri til þess að endurmeta störf sín og ræða málefni kjarnans. Á þessum fundum er farið í gegn um talningu á hópatímaskráningu og áherslur í uppeldisstarfinu yfirfarnar og gætt að því að kennslustarfið uppfylli markmið Aðalnámskrár leikskóla svo og markmið Hjallastefnunnar. Þetta er mikilvægt tækifæri til sjálfsrýni kennara á eigið starf og er notað til úrbóta á áherslum ef þörf krefur. Kjarnastjóri stýrir og ber ábyrgð á kjarnafundum og endurmati á hópastarfi kennara.

-Myndasafn leikskólans á Hjallavefnum – rýni.

Kennarar hafa sitt eigið aðgengi að myndunum í myndasafni á Karellen í gegnum persónulegt kennaraaðgengi vefsins. Kennarar hvers kjarna merkja myndirnar á netinu og setja útskýringar á því sem fram fer ef þörf er á. Þarna gefst kennurum gott tækifæri til íhugunar og skoðunar á eigin starfi og myndi þessi skoðun teljast til óformlegs mats á eigin starfi. Myndasafnið hefur þó einnig verið notað til formlegs mats þar sem tölfræðilega hefur verið unnið upp úr myndefninu en hefur það fremur verið í tengslum við lotuvinnu eða einhverskonar átaksverkefni en ekki með reglulegum hætti og eru því ekki til samanburðarhæf gögn úr slíkri vinnslu.

-Forföll, fjarvera og önnur rekstrarleg skráning.

Hjallastefnan ehf. notar rekstrartölvukerfið Net-Stjórnandann til vinnslu launa, vistgjalda og annarrar skráningar og útreikninga á rekstri leikskólans. Fjarvistarskráningar starfsfólks

fara fram í gegn um Net-Stjórnandann og er hægt að skoða fjarvistir einstakra starfsmanna á tilteknum tímabilum svo og fá upplýsingar til útreiknings á fjarvistarhlutfalli. Einnig er notað vefkerfið Karelle þar sem innritun fer fram, heimasíða skólans er keyrð með því kerfi auk ýmissa annarra þátta í bakvinnslu.

3.4. Þróunarverkefni

Leikskólinn Hjalli stendur ekki fyrir neinum þróunarverkefnum að svo stöddu.

3.5. Skólanámskrá leikskólans

Skólanámskrá leikskólans er endurskoðuð á tveggja til þriggja ára fresti og eru þá ýmis atriði hennar mótuð í takti við þróun skólafarfsins. Að þróun námskrárinnar koma ýmsir hagsmunaaðilar skólans: starfsfólk, stjórnendur, foreldrar og börnin sjálf.

Að auki þá fer fram miðlæg endurskoðun á einstökum hlutum námskrárinnar á vegum Hjallastefnunnar ehf. og snýst sú endurskoðun þá um þá þætti er lúta að heildarnámskrá Hjallastefnunnar eða Aðalnámskrár leikskóla.

3.6. Aðbúnaður og eftirlit opinberra aðila

Ytra mat með starfi leikskólans er í reglubundnum farvegi. Heilbrigðiseftirlit, eldvarnaeftirlit svo og eftirlit með slysavörnum barna fer fram með reglulegum hætti og eftir opinberum reglum þar um. Slysu eru skráð á þar til gerð slysskráningareyðublöð sem eru tiltæk fyrir heilbrigðiseftirlit. Leikskólinn starfar eftir öryggisreglum og heldur reglulegar brunaeftirlit. Útisvæði leikskólans er rekstrarskoðað nokkrum sinnum á ári af rekstraraðila og aðalskoðað einu sinni á ári af faggildum aðila. (Sá rekstrarhandbók útisvæðis).

Leikskólinn er þrífinn að kvöldi hvers vinnudags en þáttur kennara í daglegu hreinlæti er skráður í starfslýsingum og salernisþríf og sprittun á hurðarhúnum og öðrum algengum snertiflötum fer fram nokkrum sinnum á dag.

Í leikskólanum Hjalla er virkt innra eftirlit (Gámes) í eldhúsi og starfar það að öllu leyti eftir reglum heilbrigðiseftirlitsins. Skólamaðurinn á Hjalla er eldaður í Barnaskólanum í Garðabæ af faglærðum matreiðslumanni og er matseðilsgerð miðuð við staðla lýðheilsustöðvar. Að auki eru matseðlar reglulega yfirfarnir með aðstoð næringarfræðings Vinnuverndar og þeir notaðir til endurmats á hollustu og næringargildi skólamatsins.

3.7. Ytri tengsl

Um ytri tengsl er fjallað í ársskýrslum skólans en mestu tengslin eru við aðra leik- og grunnskóla í rekstri Hjallastefnunnar ehf. Einnig eru tengsl milli Hjalla og annarra sjálfstætt rekinna skóla í gegn um Samtök sjálfstæðra skóla sem hafa standa fyrir samstarfsvettvangi af ýmsu tagi. Hjalli heldur öllum eðlilegum tengslum við atvinnu- og menningarlíf

2.

Valtalning Hjallinn®

nafn kjarna/deildar

mánuður


ár

nafn þess sem telur út valið

Ú=útsvæði, L=leikstofa, LK=leikrókur, F=föndurkrókur, S=sullkrókur, K=kubbakrókur, (annað) ___ = _____, V = veik/ur, O = orlof, F = fjarvist

Nafn barns og fjöldi vistunartíma á dag:	útsvæði valið alls:	leikstofa valin alls:	leikrókur valinn alls:	föndurkr. valinn alls:	sullkrókur valinn alls:	kubbakr. valinn alls:	Púðastofa			
1.										
2.										
3.										
4.										
5.										
6.										
7.										
8.										
9.										
10.										
11.										
12.										
13.										
14.										
15.										
16.										
17.										
18.										
19.										
20.										
21.										
22.										
23.										
24.										
25.										
26.										
27.										
28.										
29.										
30.										

3.

		Hópatímar					vikuna _____ til _____
Hópur	Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Sönglög á kjarnanum þessa viku:
P hópur							
Æ hópur							
Ó hópur							



Talningarblað fyrir hópastarf

.....
nafn á kjarna/deild

.....
mánuður og ár

	Uppeldissvið og áherslur í hópastarfi
		nafn hóps	nafn hóps	nafn hóps
1	Leikurinn; leikrit (frjáls/stýrd), hlutverkaleikur, leikir í krókum og svæðum, frjáls leikur á útisvæði, frjáls tími utan lóðar, leikir á innisvæði og fleira.			
2	Læsi og samskipti; Mál og málörvun, framsögn, ræður/púlt, segja sögur, samtal/spjall, spinna sögur, gera bækur, þulur, vísur, ríma, hringja í síma, lestur, önnur hlustun, heimsókn á bókasafn, enskukynning, tjáning á tilfinningum, syngja lög með flóknum textum, samskiptakennsla, orðanotkun í samskiptum, lýðræðisfundur og fleira.			
3	Tölvur og tæknilæsi; prófa spjaldtölvur og smáforrit s.s. teikniforrit, skrifa nafnið sitt á lykklaborði tölvu, teikna mynd og skanna inn í tölvu og vinna með, taka myndir á digital myndavél, merkja myndir á vef með kennara.			
4	Heilbrigði og velliðan; Hvíld, slökun og ihugun í hópátíma, klæðnaðarþjálfun, sjálfshjálp, líkamsvitund, snerti- og nálægðarvinna og fleira. Hreyfing s.s. leikfimi, stökkæfingar, þrauta- og stöðvabrautir, gönguferð, hlaupaferð, klifur inni og úti, hóp- og hlaupaleikir, aga- og fyrirmælaæfingar, frjáls hreyfing inni eða úti, dans, borðadans, sull inni eða úti, sund, kraft- og kjarkæfingar og fleira.			
5	Sjálfbærni og vísindi; Náttúran, endurvinnsla, matjurtaræktun, garðvinna, moltugerð, umhirða útisvæðis, ruslahreinsun, náttúruskoðun, klettaklifur, fjöruferð, mál og vog, tími og klukka og fleira. Samfélagsleg sjálfbærni s.s. matargerð, bakstur, önnur heimilisstörf s.s. vaska upp, "fullorðinsverk" s.s. þvo bíl eða vinna á tölvu, þrifa og gera við á kjarna, þrifa og gera við húsgögn, viðgerðir á búnaði, ferðalag, vettvangsheimsóknir og fleira.			
6	Sköpun og menning; Tónlist og hljóð s.s. söngur, ein/n eða hópur, hljóðfæranotkun, taktur osfr., hlustun, kennsla á nýju lagi, spinna lag, óma og kyrja, öskra upp í vindinn og fleira. Myndsköpun og myndmál s.s. þekjumála, vatnslita, fingramála, leirmassi, sápumassi, pappmassi, klippa, líma, gera nytjahluti s.s. spil og leir, teikna frjálst, handavinna s.s. saumar og smíðar og fleira. Ferðir á söfn, tónleika, leikhús og fleira.			
7	Kynjaskipt hópastarf:			
8	Kynjablandað hópastarf:			
9	Útívera í hópastarfi:			
10	Innivera í hópastarfi:			

Valtímar

Barnið velur sjálft, hvað er vinsælast: _____

Leikir - starf í krókum (er barnið áhugasamt og virkt): _____

Á útsvæði (áhugi á útvíst, hvers konar leikir): _____

Gengur frá (tilbúin/n að laga til, samvinna): _____

Hópatímar

Uppáhaldsverkefni: _____

Erfiðar stundir: _____

Hvað hefur hópurinn helst verið að gera: _____

Annað

Sérstaða - hæfileikar einstaklings: _____

GÁTLISTI fyrir foreldraviðtöl

- Þessar 2 síður eru ljósritaðar framan og aftan á A4 blað sem er þrjúbrotið.
- Hver hópstjóri útfyllir gátlista fyrir hvert barn einu sinni á önn fyrir foreldraviðtöl.
- Hver hópstjóri hefur samráð við starfsfólk kjarna/deildar við útfyllingu gátlistans og/eða ber niðurstöðurnar undir álit þeirra.

Gátlisti

hópur og kjarni/deild

nafn barns

mánuður og ár

hópstjóri/leikskólakennari

Hjallinn®

Einstaklingsþættir

Matarvenjur: _____

Hreinlætisvenjur: _____

Svefn/hvildarvenjur: _____

Fatnaður: _____

Einbeiting (geta eirt við sama verkefni ákveðinn tíma, ljúka verkefni, trufla ekki aðra): _____

Frumkvæði (prófa eitthvað nýtt, nálgast aðra að fyrri bragði, bjóða fram aðstoð): _____

Sjálfstæði (reyna að bjarga sér, mótmæla áreitni, geta gert/sagt án aðstoðar): _____

Sjálfraust (nota jákvæð orð um sjálf sig, leggur í að prófa ný verkefni): _____

Sjálfsstjórn (geta beðið, stjórna sér í samskiptum, hemja skap sitt, taka gagnrýni): _____

Tjáning (tala við aðra, svara spurningum, tjá skoðanir): _____

Málproski (framburður, orðaforði, málskilningur): _____

Fínhreyfingar (teikna, skrifa, önnur handavinna): _____

Grófhreyfingar (ganga, hlaupa, klifra, stökkva): _____

Likamlegt úthald (geta hlaupið, hreyft sig viðstöðulaust): _____

Lundarfar (glæðlynt, þungbúið, feimið, örgeðja, rólegt osfr.): _____

Hvað þarf barnið að æfa: _____

Saga úr leikskólanum: _____

Hjallinn®

Félagsþættir

Samskipti við önnur börn (vera öruggt með sig, bjóða öðrum til þátttöku, sýna samskiptavilja að fyrri bragði): _____

Samskipti við starfsfólk (segja hópstjóra/kennara frá, leita eftir líkamlegri umönnun, biðja um aðstoð): _____

Hegðun (fara eftir fyrirmælum, gegna hópstjóra/kennara/foreldrum): _____

Afstaða til reglna (ræða um reglur, mótmæla óréttlátum reglum, fara eftir eða brjóta reglur): _____

Framkoma (sýna kurteisni s.s. að þakka fyrir, heilsa og kveðja, upplitsdjart, svara): _____

Meðlíðan (sýna öðrum samúð, gleðjast með öðrum, hrósa öðrum): _____

Afstaða gagnvart leikskóla (ánægt að koma/fara, talar vel um vini og starfsfólk): _____

Vinkonur/vinir: _____



Einstaklingsnámskrá

Leikskóli

Gildistími einstaklingsnámskrár	Frá	Til
---------------------------------	-----	-----

Einstaklingsnámskráin verður endurmetin á 6 mánaða fresti. Ef markmið sem sett eru fram í henni hafa náðst verða ný sett í staðin. Næsta endurmat fer fram

I. Almennar upplýsingar

Einstaklingsnámskrá:

Barn	Kennitala	Heimilisfang

Aðstandendur:

Móðir	Heimilisfang	
Heimasími	Vinnusími/gsm	Netfang
Faðir	Heimilisfang	
Heimasími	Vinnusími/gsm	Netfang

Skóladvöl:

Leikskóli	Hjalli
Deild	
Sími	565-3060
Netfang	

2. Skólaupplýsingar:

Í teymi barnsins eru:

Nafn	Staða eða tengsl við barn	Netfang	Sími
	Móðir		
	Faðir		
	Kjarnastjóri		
	sérkennslufulltrúi		
	Stuðningur?		
Alfa Arnbjörnsdóttir	Sérkennslustjóri	balfa@hjalli.is	565-3060

Gögn til grundvallar námskráargerðinni:

Aðili	Gögn um barn
Leikskóli	Tras, Smábarnalistinn, Orðaskil, AEPS-listinn
Talmeinafræðingur	
Sálfræðingur	
GRR	
HTI	
Aðrir	

Til umhugsunar:

3. Núverandi staða barnsins:

4. Áhersluþættir námskrárinnar:

7.-8.

Samantekt – foreldrakönnun í janúar 2018

Yfir 90% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að vel sé tekið á móti barninu þeirra þegar það kemur í skólann, engu að síður er minnst á það nokkuð oft í opnum svörum að það mætti betur fara. Þar eru tækifæri til úrbóta þar sem eitt af aðalsmerkjum Hjallastefnunnar er móttökur og hlýjar kveðjur, þar sem barn er í fyrirrúmi og á að alltaf að upplifa sem það sé einstakt og miðpunktur.

Fólk er virkilega ánægt með samskipti starfsfólks og barna þeirra sem er vel. Eins er góð upplifun foreldra á fjarveru kennara, en um 80% foreldra upplifir að starfsfólk sé ekki oft fjarverandi á þeirra kjörnum. Það er tækifæri til að laga að um 15% eru þó að upplifa fjarveru og rót.

Barninu líður vel í lok dvalartíma segja um 95% foreldra. Gæðastundir sem foreldrar eiga að loknum leikskóla á við um mikinn meirihluta foreldra sem tóku þátt í könnun.

Foreldrar telja að dvalartími barna ráðist að miklum hluta af vinnutíma þeirra og myndu gjarnan vilja stytta vinnutímamann ef þeir hefðu kost á til að geta varið tíma með barni. Foreldrum finnst þeir fá góða úrlausn hjá sjórnendum. Mikill meirihluti svarenda myndu vilja hafa starfsdaga í vetrarfríum/jólafrí og frekar en að hafa staka daga yfir árið. Vert að skoða fyrir næsta skólaár.

Foreldrar myndu í rúmlega 90% tilvika mæla með skólanum við vini og fjölskyldu og gæðaeinkunn skólans er mjög há, um 90% foreldra gefa skólanum 8-10 í einkunn og lægstu einkunnir á milli 5 og 6 gáfu 4% foreldra.

Svörun var nokkuð dreifð á milli kjarna, aldurs og kynja barna.

Opin svör:

Það sem betur má fara:

Móttaka og kveðjur.

Foreldrar minntust á utanumhald fatnaðar í fataklefa sem þeir vilja sjá betri.

Skólalóð kom nokkrum sinnum upp.

Hávaði á kjörnum í lok dags.

Vettvangsferðir fleiri og uppbrot í starfi.

Húsnæði og viðhald.

Ást, kærleikur og hlýja hefur farið upp á við þegar liðið hefur á veturinn.

Muna eftir skapandi listastarfi í skólanum.

Ánægja með eftirfarandi:

Gott og jákvætt starsfólk.

Viðmót hlýtt og mikilð þakklæti með fallega orðræðu, opinn efnivið og hvernig ýtt er undir ímyndunarafli.

Hvernig börnin fá styrkingu og finna öryggi í skólanum.

Framúrskarandi og flottir kennarar. Gott viðmót allra starfsmanna.
Starfsfólk og stjórnendur fá hæstu einkunn.
Stafainnlögn og vinna með tölur.
Jógakennslan fær mjög jákvæð viðbrögð.
Ánægja með hvað er tekið jákvætt í hugmyndir að umbótum.
Foreldrasamtöl fagleg.
Mikil ánægja með enskukennslu.
Augljós virðing gagnvart börnum.
Faglegt og fjölbreytt starf, mikill metnaður.
Polinmæði.
Skýr stefna.
Faglegt starf – skýr rammi – útivera – virðing.

Samantekt – starfsfólkskönnun í janúar 2018

Starfsfólk er almennt ánægt í starfi sínu á Hjalla, allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála.

Starfsfólk upplifir að leyst sé hratt og vel úr vandamálum sem upp koma í skólanum. Eins er ánægja með dagsskipulag í skólanum.

Tæplega 4% starfsfólks kvíðir því oft að fara í vinnuna og tæplega 11% svara hvorki né, það er athyglisvert og verkefni til úrbóta. Á móti eru tæplega 85% sem svara að frekar eða mjög óssammála þegar spurt er hvort þau kvíði að fara í vinnuna.

Starfsfólk telur foreldra yfirleitt ánægða með skólann og eins telja þeir að stjórnun sé almennt mjög góð í skólanum.

Að sögn er starfsfólk yfirleitt ánægt með vinnutíma sinn en um 40% telja álag hafa verið of mikið í starfi um þessar mundir. Rúmlega 40% telja það ekki hafa verið of mikið en rúmlega 20% taka ekki afstöðu.

Strafsfólk telur að öllu leyti að börnum líði almennt vel í skólanum. Flestir telja að starfsfólk nái flesta daga að vinna vel að hópatímaverkefnum.

Tæplega 20% starfsfólks hefur fundið fyrir líkamlegum einkennum sem þau telja að sé vegna álags í starfi s.l. 3 mánuði, yfir 45% hafa fundið stundum fyrir þessu tæp 40% næstum aldrei eða aldrei.

Þegar spurt er að andlegum einkennum s.l. 3 mánuði eru það rúm 7% sem svara mjög oft en um 43% stundum, og um 50% aldrei eða næstum aldrei.

Um 18% hafa verið 1-2 daga s.l. 3 mánuði fjarverandi vegna orkuleysis og tæp 4% 3-6 af sömu orsökum.

25% starfsfólks hefur verið 1-2 daga frá s.l. 3 mánuði vegna umgangspesta en rúm 32% 3-6 daga af sömu orsökum. Rúmlega 7% hafa verið 7 daga eða fleiri vegna umgangspesta af þessum ástæðum.

Mjög margir stunda einhvers konar hreyfingu og líkamsrækt.

Ekki margir sem telja að kjarni fari oft á B plan vegna þess að vanti á kjarna, mögulega er starfsfólk ekki upplýst um B plan?

Allt starfsfólk er frekar eða mjög sammála því að þeim finnist starf þeirra uppbyggilegt og gefandi.

Starfsfólk telur afar líklegt að þau myndu mæla með skólanum sem vinnustað við vini og fjöskyldu.

Gæðaeinkunn er há sem er mjög jákvætt.

Opin svör:

Það sem betur má fara:

Blöndun

Móttaka nýliða

upplýsingamiðlun

samverur of stuttar

húsnæði/viðhald

útisvæði

Ánægja með eftrifarandi:

Góður andi

Hjálpssemi

Ánægja með samstarfsfólk

Mikil starfsgleði

Ánægja með stjórnun

Úrbótaáætlun sem lítur að báðum könnunum:

- Unnið er markvisst að því að styrkja og kenna starfsfólki hvernig Hjallastefnan miðar að því að móttökur og kveðjur séu í starfi.
- Blöndun er eitt af stórum þáttum Hjallastefnunnar og má hún aldrei hverfa úr starfi á kjörnum og er gætt að því að blöndun fari fram í hverri einingu 3-5 sinnum í viku, mislengi þar sem boðið er upp á fjölbreytt verkefni sem henta og unnið er markvisst að samskiptum á jafnréttisgrundvelli.
- Hjalli er að mestu leyti háð fjármagni frá Hafnarfjarðarbæ þegar kemur að skólalóð og viðhaldi húsnæðis. Báðir aðilar gera sitt besta í að sinna þeim verkefnum sem koma upp og eflaust má gera betur þar og eru teikningar á borðinu hvað varðar áætlun um bættu skólalóð og málningarviðhald innanhúss.
- Unnið er að skýrri móttökuáætlun nýs starfsfólks heildrænt innan Hjallastefnunnar.

1. Heimildir og ítarefni:

Aðalnámskrá leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 2013).

Hjalli.is (2018): www.hjalli.is

Lýðheilsustöð (2012) www.manneldi.is

Margrét Pála Ólafsdóttir (1992). *Æfingin skapar meistarann. Leikskóli fyrir stelpur og stráka*. Reykjavík: Mál og menning.

Margrét Pála Ólafsdóttir (2012). *Starfslýsingar Hjallastefnunnar*. Reykjavík: Hjallastefnan ehf.

Margrét Pála Ólafsdóttir (2000). *Gengi Hjallabarna í grunnskóla. Hefur kynjaskipt leikskólastarf áhrif á færni, líðan og viðhorf stúlkna og drengja þegar í grunnskóla er komið?* Óbirt M.Ed ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.

Menntamálaráðuneytið (1997). *Sjálfsmat skóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Sigurlína Davíðsdóttir (2008). *Mat á skólastarfi. Handbók um matsfræði*. Reykjavík: Hólar.

Björk Ólafsdóttir (2011). *Inna mat leikskóla*. Samband íslenskra sveitarfélaga.